

132 leiðbeiningar og birtingar, að ráðgjafinn finni enga ástæðu til að veita umræddri bœnar-
26 ágúst skrá áheyrslu.

133 — *Ágrip af bræfi landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu*
30 ágúst. um hreppsnefndar kosningu. — Eptir að það með dómsmálastjórnarbræfi frá 16. apríl 1873 hafði verið ákveðið, að hin nýju sveitarstjórnarlög skyldu fá fullt gildi vorið 1875, fóru hreppsnefndar kosningar fram í Vesturlandeyjahrepp eins og annarsstaðar vorið 1874. 3 árum eptir að hreppsnefndirnar vorið 1875 höfðu tekið til starfa, eða vorið 1878 fóru fram nýjar kosningar á meiri hluta hreppsnefndarmanna; en þegar síðast liðið vor 1880 6 ár voru liðin, síðan minni hluti hreppsnefndarinnar hafði verið kosinn, ljet oddviti hreppsnefndarinnar í Vesturlandeyjahreppi fara fram nýja kosningu á 3 hreppsnefndarmönnum. Þessa kosningu ónýtti sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu með úrskurði frá 21. júní þ. á. og lagði fyrir, að hreppsnefndarmenn þeir, sem voru í nefndinni, áður en kosningin fór fram, ættu að halda áfram að gegna nefndarstörfum sínum þangað til vorið 1881, er 6 ár voru liðin frá vordögum 1875, er hreppsnefndirnar höfðu tekið til starfa, og staðfesti landshöfðingi þennan sýslumannsúrskurd, eptir að amtmadur s. d. (30. ágúst) hafði sent hann landshöfðingja samkvæmt 27. grein tilskipunar um sveitarstjórn frá 4. maí 1872.

134 — *Bræf landshöfðingja til biskups um uppbót á prestakalli.* — Samkvæmt
31 ágúst. tillögum yðar, herra biskup, í bræfi frá í gær leggst hjer með 200 króna uppbót sú, sem í bræfi mínu frá 7. apríl þ. á. var ætluð Sandaprestakalli í Dýrafirði með því skilyrði, að það yrði veitt fyrir 31. ágúst þ. á., til Garpsdals prestakalls í Barðastrandarsýslu fyrir yfirstandandi fardagaár, og veitist biskupinum hjer með fullt vald til að setja prestinn á Stað, síra Ólaf prófast Johnsen, til að þjóna nefndu prestakalli, meðan það er prestslaust.

135 — *Ágrip af bræfi landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um styrk handa barna-*
14. sept. skóla. — Hreppsnefndin í Vatnsleysustrandarhreppi hafði veitt Thorchillii barnaskóla á Vatnsleysuströnd 200 kr. hvort árið um sig 1880 og 1881. Fyrir því veitti landshöfðingi tjeðum skóla 200 kr. styrk um árið 1880 af fje því, er getur um í 12. gr. C. 7. fjárlaganna.

136 — *Skipun landshöfðingja til landfógeta um þóknun handa sálmaþókar-*
14. sept. nefndinni. — Biskup hafði skýrt landshöfðingja frá, að nefnd sú, er sett hafði verið til að endurskoða sálmaþókina, hefði síðan seint í næstliðnum mánuði átt með sjer daglega fundi og að þeir 4 nefndarmenn, sem ekki ættu heima hjer í bænum, prófastur síra Björn Halldórsson frá Laufási og prestarnir síra Páll Jónsson frá Viðvík, síra Stefán Thorarensen frá Kálfatjörn og síra Valdimar Briem frá Hrepphólum, hefðu óskað eptir því, að sjer yrði borgaður úr almennings sjóði sá beinlínis kostnaður, er þeir hefðu haft við að sækja fundi þessa, og sem myndi hlaupa um 700 kr., en upp í þetta hefði hið íslenska biblíufjelag veitt 300 kr. Fór nú biskup þess á leit, að þær 400 kr., sem eptir yrðu, væru veittar úr landssjóði. Landshöfðingi veitti það, sem þannig hafði verið beðið um, og